

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 18. ágúst 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir. Fundurinn var haldinn með stjórn foreldrafélags Glerárskóla og mættu fjórir fulltrúar þaðan.

Hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla

Rætt var um hverfishátíð og undirbúning hennar. Tekin var ákvörðun um að hún yrði haldin þann 6. september. Foreldrafélagið mun sjá um hefðbundna dagskrá fyrir börnin en hverfisnefndin mun sjá um dagskrá fyrir fullorðna.

Foreldrafélagið mun virkja bekkjarráðin til undirbúnings og sjá um að auglýsa hátíðina í skólanum. Þá verður auglýst eftir skemmtiatriðum í skólanum.

Ákveðið var að senda fréttatilkynningu í blöðin í vikunni fyrir hátíðina og auglýsa í Dagskránni og Vikudegi.

Næsti sameiginlegi fundur verður mánudaginn 1. september

Ritað 19. ágúst 2008
Helga Aðalgeirsdóttir